

Borgarráð

Efni:

Endurskoðuð viðræðuáætlun við Félag grunnskólakennara og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

Kjarasamningur við Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag leikskólakennara, Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í leikskólum og Félagsráðgjafafélag Íslands

1. Endurskoðuð viðræðuáætlun til afgreiðslu

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga skrifaði undir samkomulag um endurskoðun viðræðuáætlunar við Félag grunnskólakennara og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum 10. júlí 2020 – til afgreiðslu

Aðilar munu halda áfram viðræðum með það að markmiði að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 1. október 2020 með gildistíma frá 1. september 2020 til 31. mars 2023 sem byggir á grunni lífskjarasamnings.

Samkvæmt endurskoðaðri viðræðuáætlun verður hverjum starfsmanni greidd eingreiðsla þann 1. september 2020 að upphæð 303.400 kr. miðað við fullt starf fyrir tímabilið 1. desember 2019 til og með 31. ágúst 2020.

Samningsaðilar voru sammála um að vinna að gerð sameiginlegrar launatöflu fyrir öll aðildarfélög KÍ sem tekur gildi 1. janúar 2021 fyrir Félag grunnskólakennara og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Samhliða upptöku nýrrar launatöflu verði launamyndunarþættir kjarasamninga vegna viðbótarmenntunar og starfsreynslu samræmdir, metnir til persónuálags og starfsheitum endurraðað.

2. Nýir kjarasamningar til afgreiðslu

Samninganefnd Reykjavíkurborgar hefur skrifað undir nýja kjarasamninga við eftirtalin stéttarfélög:

- Félag íslenskra hljómlistarmanna, undirritun 10. júlí 2020 – til afgreiðslu
- Félag leikskólakennara, undirritun 10. júlí 2020 – til afgreiðslu
- Skólastjórafélag Íslands, undirritun 10. júlí 2020 – til afgreiðslu
- Félag stjórnenda í leikskólum, undirritun 10. júlí 2020 – til afgreiðslu

Þá skrifaði samninganefnd Reykjavíkurborgar undir nýjan kjarasamning við Félagsráðgjafafélag Íslands þann 7. júlí sl. Þegar ljóst var að fyrri kjarasamningur aðila sem skrifað var undir 25. júní sl. var felldur með 62% atvæða. Nýr kjarasamningur sem skrifað var undir 7. júlí var samþykktur með 84% atkvæða:

- Félagsráðgjafafélag Íslands, undirritun 7. júlí 2020 – til afgreiðslu

Í nýjum kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands breytist gr. 1.2.2.4 með þeim hætti að 1,5% persónuálag er ekki skilyrt við ákveðinn fjölda ECTS eininga. Það er mat samninganefndar Reykjavíkurborgar að nýr kjarasamningur sem undirritaður var 7. júlí 2020 leiði ekki til aukins kostnaðarauka umfram það sem þegar var kynnt í borgarráði 2. júlí sl. vegna undirritaðs kjarasamnings 25. júní 2020.

3. Meginefni nýrra kjarasamninga við félög innan Kennarasambands Íslands og FÍH

Nýr kjarasamningur við *Félag íslenskra hljómlistarmanna* er skammtímasamningur með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.

Samningurinn felur í sér sambærilegar launahækkningar og samið var um samkvæmt lífskjarasamningi en þannig hækka launataxtar um 17.000 kr. frá 1. janúar 2020 og til viðbótar um 24.000 kr. frá 1. apríl 2020. Stefnt verður að upptöku nýs kjarasamnings með gildistíma frá 1. janúar 2021 með hliðsjón af niðurstöðu kjarasamninga við Félag grunnskólakennara sem og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

Nýr kjarasamningur við *Félag leikskólakennara* er með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021. Með nýjum kjarasamningi sem tekur við 1. janúar 2022 er horft til þess að tekin verði upp ný sameiginleg launatafla KÍ.

Launataxtar Félags leikskólakennara hækka samkvæmt lífskjarasamningi um 17.000 kr. frá 1. janúar 2020, 24.000 kr. frá 1. apríl 2020 og 24.000 kr. 1. janúar 2021.

Samið var um skýrari og betri ramma utan um undirbúningstíma en undirbúningstími leikskólakennara verður að lágmarki 7 tímar á viku og 10 tímar fyrir deildarstjóra og leikskólasérkennara.

Í nýjum kjarasamningi leikskólakennara var sambærilegt ákvæði um styttingu vinnuviku og þegar hefur verið samið við aðra viðsemjendur Reykjavíkurborgar.

Þá verður launasetning fyrir starfsmenn með annað háskólapróf en leikskólafræði samræmd við launasetningu sömu starfa hjá öðrum stéttarfélögum.

Nýr kjarasamningur við *Skólastjórafélag Íslands* er með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021. Með nýjum kjarasamningi sem tekur við 1. janúar 2022 er horft til þess að tekin verði upp ný sameiginleg launatafla KÍ.

Launataxtar Skólastjórafélags Íslands hækka samkvæmt lífskjarasamningi um 17.000 kr. frá 1. janúar 2020, 24.000 kr. frá 1. apríl 2020 og 24.000 kr. 1. janúar 2021.

Frá 1. ágúst 2020 verða viðbótarlaunaflokkar vegna stjórnunarreynslu 5 í stað 3ja áður.

Frá 1. ágúst 2020 verður deildarstjórum, kennsluráðgjöfum og sérkennslufulltrúum raðað í sömu launatöflu og skólastjórum.

Nýr kjarasamningur við **Félag stjórnenda í leikskólum** er með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021. Með nýjum kjarasamningi sem tekur við 1. janúar 2022 er horft til þess að tekin verði upp ný sameiginleg launatafla KÍ.

Launataxtar Félags stjórnenda í leikskólum hækka samkvæmt lífskjarasamningi um 17.000 kr. frá 1. janúar 2020 og 24.000 kr. frá 1. apríl 2020. Frá 1. ágúst 2020 tekur ný launatafla gildi, sambærileg launatöflu Skólastjórufélags Íslands. 1. janúar 2021 hækka launataxtar um 24.000 kr.


30 daga orlofsréttur

Ofangreindir kjarasamningar fela í sér að orlofsávinnsla miðast nú ekki við aldur heldur gildir 30 daga orlofsréttur fyrir alla starfsmenn. Þá er kveðið á um að uppsafnað orlof megi ekki fara yfir 60 daga og 25% lenging á orlofi utan sumarorlofstímabils gildir eingöngu með skriflegri beiðni yfirmanns.

Samningar út 2021 og Uppbætur		Aukinn kostn. v. 2020	Aukinn kostn. v. 2021	% v. 2020	% v. 2021
Skólastjórufélag Íslands (SÍ)	Laun	94.659.913	175.738.474	4,8%	8,9%
Sameining launataflna (1.8.2020)	Samræming	822.497	1.973.992	0,0%	0,1%
Viðbótarflokkar vegna stjórnunar- og starfsreynslu (1.8.2020)	Persónuálag	23.852.401	57.245.763	1,2%	2,9%
	SUM	119.334.811	234.958.229	6,0%	11,9%
Félag Leikskólakennara (FL)	Laun	209.310.332	388.480.909	6,9%	12,9%
Ný tafla og röðun háskólamenntaðra starfsmanna (1.4.2020)	Samræming	13.601.208	18.134.944	0,5%	0,6%
Aukin Önnur Laun f. háskólamenntaða (1.9.2020)	Viðbótarlaun	5.037.484	15.112.453	0,2%	0,5%
Uppgjör vegna 2019 (kr. 15.119.-)	Uppgjör	5.673.845		0,2%	
	SUM	233.622.869	421.728.306	7,7%	14,0%
Félag Stjórnenda á Leikskólum (FSL)	Laun	84.163.014	156.284.218	5,4%	10,0%
Endurröðun, sameinuð launatafla, stjórnunarreynsla og menntunarákv. (1.8.2020) *)	Samræming	65.751.411	65.751.411	4,2%	4,2%
	SUM	149.914.425	222.035.629	9,6%	14,2%
	Heild f. SÍ, FL og FSL	502.872.105	878.722.164	7,7%	13,4%
Uppbætur (Öll KÍ félög og FÍH)	Persónu- og annaruppbætur	11.371.102	23.023.287	0,1%	0,1%
Styttri samningar og Innáborgun vegna endurskoðunar viðræðuáætlunar		Aukinn kostn. v. 2020		% v. 2020	
Félag Íslenskra Hljómlistamanna (FÍH)	Laun	12.098.384		6,6%	
Félag Grunnskólakennara (FG)	Endursk. viðr.áætl.	506.235.473		4,0%	
Félag Tónlistarkennara (FT)	Endursk. viðr.áætl.	4.412.543		4,0%	
	Heild f. FÍH, FG og FT	522.746.400		4,0%	

*) Samhliða nýjum kjarasamningi við Félag stjórnenda leikskólakennara fellur niður bráðabirgðaákvæði frá 20. júlí 2018 þess efnis að grunnlaun leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra skuli að lágmarki vera 3% hærrí en mánaðarlaun sem hann ella fengi sem deildarstjóri í lfl. 235 skv. ákvæðum í kjarasamningi Félags leikskólakennara. Í ofangreindu kostnaðarmati er ekki tekið tillit til þess að með nýjum kjarasamningi fellur lágmarksgreiðslan niður.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar





Hjálagt:

Endurskoðuð viðræðuáætlun við Félag grunnskólakennara og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, undirrituð 10. júlí 2020

Nýr kjarasamningur Félags íslenskra hljómlistarmanna, undirritaður 10. júlí 2020

Nýr kjarasamningur Félags leikskólakennara, undirritaður 10. júlí 2020

Nýr kjarasamningur Skólastjórafélags Íslands, undirritaður 10. júlí 2020

Nýr kjarasamningur Félags stjórnenda í leikskólum, undirritaður 10. júlí 2020

Nýr kjarasamningur Félagsráðgjafafélags Íslands, undirritaður 7. júlí 2020